Alþingi
Erindi nr. Þ 126/939
komudagur 18.1.2001

ÁFENGIS- OG
VÍMUVARNARÁÐ

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 17.01.01

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á barnalögum, 314. mál, ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum.**

Áfengis- og vímuvarnaráð fagnar þeirri viðbót við barnalög sem fram kemur í ofangreindri þingsályktunartillögu. Tilboð um sérfræðiráðgjöf fyrir aðila í umgengnis- og forsjármálum og skýrara orðalag 1. málsl. 38. gr. laganna, sem tekur af vafa um úrkurðaðan umgengisrétt náinna ættingja barna, á hvort tveggja eflaust eftir að koma börnum í landinu og fjölskyldum þeirra til góða. Ráðið mælir því með að frumvarpið verði samþykkt.

Áfengis- og vímuvarnaráð vill þó benda á til umhugsunar hvort ekki sé ástæða til að taka fram hvort takmarkað er hve mörgum ráðgjafarviðtölum fólk á kost á í umgengnis- og forsjármálum.

Áfengis- og vímuvarnaráð,

Þorgerður Ragnarsdóttir

Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri

Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 585 1470 - vimuvarnir@hr.is - www.vimuvarnir.is